

„Er læknir í salnum?“

Sagan segir að við frumsýningu á „The Doctor’s Dilemma“ hafi höfundurinn, Bernard Shaw, risið úr sæti sínu fremst í salnum og hrópað: „Is there a doctor in the house?“ Maður stóð upp aftast í salnum: „Yes, I’m a doctor“. „How do you like the play, doctor?“

Þessi saga kom mér í hug er ég sótti Dag sjúkraþjálfunar 2019, en ég hef verið fastagestur undanfarin mörg ár. Í þetta sinn voru mættir 330 sjúkraþjálfarar – og svo yðar einlægur. Fleiri voru læknarnir ekki. Sama var uppi á teningnum í afmælisfagnaði Sjúkraþjálfunarskorar fyrir nokkrum árum – þar var ég einnig eini læknirinn.

Þá vakti það einnig athygli mína á framangreindum Degi að í alllangri ræðu sem Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara, hélt, minnstist hún ekki einu orði á samstarf við aðrar heilbrigðisstéttir eða teymisvinnu yfirleitt.

Sjálfur starfaði ég í teymi háls- og bakdeildar Franciskusspítala í Stykkishólmi með 5-7 sjúkraþjálfurum ásamt öðru fagfólki um 27 ára skeið og sannfærðist um ágæti þeirrar nálgunar, einkum í greiningu og meðferð bak- og hálsverkja. Samvinna okkar teymisfélaganna reyndist farsæl, og að dæma af tveimur úttektum á starfseminni, er tveggja vikna prógramm deildarinnar að reynast sjúklingunum afar vel. Sjálfur lærði ég mikið af sjúkraþjálfurinum og öðru samstarfsfólki, en umfram allt gerði ég mér ljóst mikilvægi þess að virkja hin ýmsu sjónarhorn, þegar erfið vandamál eins og langvinnir verkir eru annars vegar.

Stoðkerfisfræðin/orthopaedic medicine, sem James Cyriax í London lagði grunn að og fagstéttirnar vinna enn eftir, á enn langt í land, og gildir það jafnt um læknisfræði sem sjúkraþjálfun. Cyriax lagði mikla áherzlu á að læknum og sjúkraþjálfurum væri kennt saman, en því miður hefur verið mikill brestur á því. Þetta var reyndar gert á árlegum námskeiðum, sem teymid á háls- og bakdeild Franciskusspítala hélt á 10. áratugnum með brezkum kennurum og var að allra dómi gott módel og hefði gjarnan mátt verða fastur liður. Á meðan ég var enn fyrirlesari fyrir sjúkraþjálfunarnema við HÍ lagði ég eitt sinn til á fundi skorarinnar, að mun meira yrði gert af því að kenna þessum tveimur stúdentahópum saman.

Í starfi mínu, allt frá því ég tók próf í fræðunum í London 1989, hef ég líklega metið og átt þátt í greiningu og meðhöndlun 7000-8000 einstaklinga með bak- og hálsvandamál, og ekki komizt hjá því að kynnast þeim vinnubrögðum, sem ríkjandi eru á landinu í greiningu og meðferð stoðkerfisvandamála almennt, en einkum bak- og hálsverkja, hjá heimilislæknum, sérfræðingum, sjúkraþjálfurum, kírópraktorum, osteopötum og öðrum stéttum. Þar hefur mér fundizt áberandi skortur á samstarfi og samskiptum fagstétta. Mér hefur þótt dálítið dapurlegt að sjá tilvísanir til sjúkraþjálfara frá læknum, þar sem undir „Fyrirmæli um meðferð“ stendur: „Hentug meðferð að mati sjúkraþjálfara“. En þeim er reyndar vorkunn, enda er kennsla í þessum fræðum afar takmörkuð í læknadeild, og stundum

hvarflar að manni að ef til vill væri skynsamlegast að sleppa tilvísunum og gefa fólki kost á að fara í ríkara mæli til sjúkraþjálfara án þeirra, en þetta fyrirkomulag er reyndar til staðar víða erlendis.


Hinar ýmsu fagstéttir búa við mismunandi menntun, þjálfun, sjónarhorn og nálganir, en það er auðvitað grunnskylda okkar allra að einbeita okkur að hag sjúklingsins, en láta ekki kreddur, hagsmuni og faglegt orðspor fagstétta eða einkahagsmuni ráða því hvað gert er og hvað ekki. Þar getur samvinna/teymisvinna skipt sköpum.

Margt er hægt að gera til að bæta þetta ástand, en hér verða ekki taldir upp þeir fjölmörgu möguleikar sem nýta mætti til úrbóta, sjúklingum og samfélaginu öllu til bóta.

Gott væri að fulltrúar sjúkraþjálfara og lækna kæmu saman og reyndu að finna flöt á betri og nánari samvinna bæði sín á milli og við aðrar fagstéttir, ef til vill í samráði við Sjúkratryggingar Íslands, Embætti landlæknis, Háskóla Íslands og aðrar fræðslustofnanir.

Það er von mín að þetta greinarkorn verði til þess að vekja umræðu um þessi mál. Að vinna hver í sínu horni er ekki líklegt til að bæta ástandið.

*Með beztu kveðjum,
Jósep Ó. Blöndal*



Jósep Ó. Blöndal
MD, Dipl. MDT,
fyrirum sjúkráhlæknir
St. Franciskusspítala í Stykkishólmi